

## REGLUGERÐ

### um bann við línu- og handfæraveiðum á Fljótagrunni.

#### 1. gr.

Frá og með 3. september 2009 eru allar línu- og handfæraveiðar bannaðar á svæði á Fljótagrunni, sem markast af línu, sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

1. 66°07,00' N - 19°05,00' V
2. 66°07,00' N - 19°34,00' V
3. 66°14,00' N - 19°26,00' V
4. 66°14,00' N - 19°13,00' V
5. 66°11,00' N - 18°58,00' V

Að austan markast svæðið af fjöruborði meginlandsins.

#### 2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands með síðari breytingum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands með síðari breytingum, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 1. september 2009.*

F. h. r.

**Steinar Ingi Matthíasson.**

\_\_\_\_\_  
*Kristján Freyr Helgason.*